

Minnisblað

Dagsetning: 23. desember 2021
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Aðalsteinn Örn Snæpórsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021. Verkefni 10 - Goðafoss og Aldeyjarfoss: Jarðvegur og gróður.

Við Goðafoss og Aldeyjarfoss er fylgst með álagi á gróður og jarðveg á skilgreindum og afmörkuðum álagssvæðum. Um svæðin er fjallað nánar í minnisblaði frá 2020.

Framkvæmd 2021

Vettvangsvinna fór fram 26. ágúst 2021 og var hún unnin af Bergþóru Kristjánsdóttur og Sigbrúði Stelli Jóhanndóttur. Þar var/voru:

- rannsóknasvæðið við Goðafoss myndað með nýju flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli.
- ljósmyndir teknar á föstum myndvöktunarpunktum við Goðafoss og Aldeyjarfoss þar sem fylgst er með álagi á gróður.

Úrvinnsla

Frumgögn frá 2020 og 2021 hafa verið sett inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e.

- Forkönnun við Aldeyjarfoss og Goðafoss 2020.
- Fastir myndvöktunarpunktar við Aldeyjarfoss og Goðafoss 2021, gróður.
- GPS skrár hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndir hafa verið settar inn í ljósmyndagrunn Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndum úr flygildi hefur verið skilað inn til NÍ.

Myndkort af Goðafossi og Aldeyjarfossi frá 2020 voru tilbúin til notkunar í byrjun árs 2021 og hefur verið unnið með þau í landfræðilegu upplýsingakerfi, Qgis. Þar er m.a. hægt að afmarka álagssvæði og hentistíga og staðsetja myndvöktunarpunkta. Myndkort frá 2020 voru notuð við úrvinnslu en nýtt myndkort af Goðafossi verður tilbúið eftir áramót.

Ljósmyndir á föstum myndvöktunarpunktum frá 2020 og 2021 voru bornar saman og metið hvort þar hafi orðið breytingar á jarðminjum og gróðri, jákvæðar eða neikvæðar.


Niðurstöður og umræður

Goðafoss

Þegar ljósmyndir frá myndvöktunarpunktum 2020 og 2021 voru bornar saman sáust nokkrar breytingar milli ára, bæði jákvæðar og neikvæðar (1. mynd). Á vesturbakka árinna hafði traðk og rof aukist á nokkrum stöðum, sérstaklega á svæðinu næst fossinum. Þar liggja margir samhliða stígar eftir bakkanum og nokkrir stuttir hentistígar niður af honum með tilheyrandi gróðureyðingu og jarðvegsrofi. Nokkrir punktar sýndu bæði jákvæðar og neikvæðar breytingar en þar hafði lynggróður drepist í gróðurþökum í kringum stíga og áningarborð á meðan grasvöxtur hafði aukist víða í sömu gróðurþökum. Í stígum sem hafði verið lokað milli ára mátti víða sjá jákvæðar gróðurbreytingar, einkum hafði grasvöxtur aukist. Á einum stað hafði nýlegur hentistígur bæði breikkað og gróður drepist í stíg, sjá 2. - 3. mynd. Á austurbakka árinna sáust jákvæðar gróðurbreytingar í kringum stíga þar sem grasvöxtur hafði aukist og rofsvæði minnkað. Á tveimur stöðum hafði rof hinsvegar aukist. Aukinn grasvöxtur í gróðurþökum, gömlum stígum og á rofsvæðum meðfram stíg breytir náttúrulegu



gróðurfari sem einkennist af fjalldrapa- og lyngmóa. Líklega mun lynggróður aftur taka við sér með tímanum. Einum nýjum myndvöktunarpunkti var bætt við á svæðinu.



1. mynd. Myndvöktunarpunktar við Goðafoss. Breytingar milli 2020 og 2021. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.

Aldeyjarfoss

Þegar ljósmyndir frá myndvöktunarpunktum 2020 og 2021 voru bornar saman sást neikvæðar gróðurbreytingar á nokkrum punktum milli ára, sjá 4. mynd. Traðk og rof hafði aukist á nokkrum stöðum, bæði í gönguleið og utan hennar. Einum nýjum myndvöktunarpunkti var bætt við á svæðinu.

Á myndkorti frá 2020 mátti einnig greina nokkur álagssvæði utan gönguleiðar, sjá 5. mynd. Þar liggja annaðhvort margir hentistigar eða gengið er víða um viðkomandi svæði með tilheyrandi gróður- og jarðvegseyðingu. Álagssvæðin eru bæði á klöppum þar sem gróðurþekja hefur eyðst og á grónu landi með gróðurþekju á bilinu 10-50%. Gróðurþekja er almennt mjög rofin á svæðinu, jarðvegur þurr og rofgjarn og þarf lítið álag til að valda auknu rofi. Álagssvæðin eru bæði á gljúfurbarmi og neðan hans en gönguleiðin er hvorki merkt né afmörkuð. Betra skipulag, merkingar, leiðbeiningar og betri afmörkun gönguleiðar og útsýnisstaða myndi bæta ástandið við Aldeyjarfoss.


Aðeins voru teknar myndir með flygildi neðan brekku en hæðarmismunur er talsverður á bílastæði og fossinum. Myndkortið nær því ekki yfir bílastæði og upphaf gönguleiðar.



2. mynd. Nýr hentistígur frá áningaborði við Goðafoss 2020.



3. mynd. Nýr hentistígur frá áningaborði við Goðafoss 2021



4. mynd. Álagssvæði og myndvöktunarpunkturar við Aldeyjarfoss. Breytingar milli 2020 og 2021. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.

Framhald vöktunar

Náttúrustofan festi kaup á nýju flygildi vorið 2021 og nær það betri myndum en hið eldra. Þar sem myndatakan er bæði veðurháð og truflandi fyrir gesti var ákveðið að taka ekki nýjar myndir við Aldeyjarfoss. Æskilegt væri að ná nýjum myndum af Aldeyjarfossi 2022 og taka þá líka myndir af efra svæðinu, í nágrenni bílastæðis. Lögð er til að áframhaldandi vöktun á sömu myndvöktunarpunktur og myndir tekna árlega, sjá 1. töflu.

1.tafla. Vöktunarþættir við Goðafoss og Aldeyjarfoss.

Vöktunarþáttur	2022	2023	2024
Myndataka með flygildi við Goðafoss			x
Myndataka með flygildi við Aldeyjarfoss	x		x
Myndvöktunarpunktur	x	x	x